Frá
Sigurbjörgu Erlu Egilsdóttur Pírötum
Bergljótu Kristinsdóttur Samfylkingu
Theodóru S. Þorsteinsdóttur Viðreisn
Helgu Jónsdóttur Vinum Kópavogs

**Fyrirspurn til bæjarstjóra vegna deiliskipulags á Nónhæð**

1. Hvenær stendur til að verða við ósk fulltrúa íbúa við Nónhæð um fund með stjórnendum bæjarins til að fjalla um framkvæmdir og tafir á Nónhæð.  Í tölvupóstum sem eru fylgiskjal með þessari fyrirspurn kemur fram að óskir um slíkan fund hafi verið sendar Kópavogsbæ 4. mars sl. og ítrekanir 7. mars, 2. apríl og 22. júlí sl. Hverjar eru skýringarnar á að ekki hefur verið brugðist við?

2. Hvað er það í áliti lögfræðiþjónustu bæjarritara sem fær meirihlutann í bæjarráði á fundi 17. júlí sl til að telja skilyrði fyrir endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í Nónhæðarmálinu fyrir hendi og samþykkja beiðni lóðarhafa um  endurupptöku ákvörðunar bæjarstjórnar?  Engar nýjar upplýsingar voru lagðar fram á fundinum og til skýringar er rétt að vísa í bókanir þegar málinu var frestað í bæjarráði10.apríl sl. Þar  kom skýrt kom fram hvaða skilyrðum þarf samkvæmt 24.gr. stjórnsýslulaga að vera fullnægt við endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar.

**Fylgiskjal (tölvupóstar)**

bæjarstjóri <Asdis.Kristjansdottir@kopavogur.is>; Ása Arnfríður Kristjánsdóttir - yfirlögfræðingur <asa.arnfridur.kristjansdottir@kopavogur.is>; Pálmi Þór Másson - bæjarritari <palmi.thor.masson@kopavogur.is>; Orri Vignir Hlöðversson - formaður bæjarráðs <Orri.Hlodversson@kopavogur.is>; Andri Steinn Hilmarsson - bæjarfulltrúi <Andri.Steinn.Hilmarsson@kopavogur.is>; Helga Jónsdóttir - bæjarfulltrúi <Helga.Jonsdottir@kopavogur.is>; Hjördís Ýr Johnson - bæjarfulltrúi <hjordis.yr@kopavogur.is>; Theódóra Þorsteinsdóttir - bæjarfulltrúi <theodora.thorsteins@kopavogur.is>; Sigrún María Kristinsdóttir - verkefnastjóri <sigrun.maria.kristinsdottir@kopavogur.is>
**Subject:** Re: Mótmæli við fyrirhugaðri endurupptöku á synjun breytinga á Deiliskipulagi Nónsmára 1-17

Góðan dag,

Ég vil enn á ný ítreka ósk um fund með stjórnendum bæjarins vegna málefna framkvæmda á Nónhæð, sem ég setti fyrst fram þann 4. mars sl. og ítrekaði 7. mars sl., 2. apr. sl og 22. júlí sl. Þrátt fyrir að bærinn hafi staðfest móttöku erindisins hefur því ekki verið svarað og núna um miðjan júlí - þegar samkvæmt fréttum, bæjarráðsfulltrúar með aðra skoðun eru í sumarfrí er málinu smeygt á dagskrá og ólögmæt ákvörðun samþykkt.

Sem aðili málsins vil ég ræða fyrirhugaða (og að mínu mati ólögmæta) endurupptöku málsins. Ég ítreka að í málinu liggja fyrir mótmæli mín og annara íbúa Foldarsmára 8-22 en endurupptaka málsins varðar lögvarða hagsmuni okkar. Ég vil einnig ræða hvernig Kópavogsbær ætlar að fylgja eftir þeirri ríku áherslu á að framkvæmdum á Nónhæð ljúki sem fyrst, sbr. samkomulag bæjarins við lóðarhafa frá 4. maí 2018 þar sem verklok áttu að vera við árslok 2022.

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

Framkvæmdatími er kominn langt út fyrir það sem fyrirséð var og veldur öllum íbúum í kring miklum ama og óþægindum. Þótt auðvitað hafi mátt búast við að svona framkvæmdir taki tíma er þetta komið út fyrir öll eðlileg mörk.

Aftur er vinsamlegast skorað á bæjaryfirvöld að staðfesta móttöku og sýna íbúum þá kurteisi að svara erindinu.

Kópavogsbær getur einnig litið á þessa ósvöruðu og hunsuðu beiðni sem innlegg inn í "Samráð um bætta þjónustu" sbr. tölvupóstinn sem ég fékk sendan núna frá "verkefnastjóra íbúatengsla" á "skrifstofu umbóta og þróunar". Ég geri mér samt ekki grein fyrir hvort það hafi verið eitthvað furðulegt grín - Kópavogsbær hefur augljóslega ekki litið á samskipti við íbúa sem forgangsverkefni hingað til.

Með vinsemd og virðingu
Friðjón Guðjohnsen

On Tue, 22 Jul 2025 at 09:47, Friðjón Guðjohnsen <fridjong@gmail.com> wrote:
Góðan dag,

Ég vil enn á ný ítreka ósk um fund með stjórnendum bæjarins vegna málefna framkvæmda á Nónhæð, sem ég setti fyrst fram þann 4. mars sl. og ítrekaði 7. mars sl. og 2. apr. sl. Þrátt fyrir að bærinn hafi staðfest móttöku erindisins hefur því ekki verið svarað og núna um miðjan júlí - þegar samkvæmt fréttum, bæjarráðsfulltrúar með aðra skoðun eru í sumarfrí er málinu smeygt á dagskrá og ólögmæt ákvörðun samþykkt.

Sem aðili málsins vil ég ræða fyrirhugaða (og að mínu mati ólögmæta) endurupptöku málsins. Ég ítreka að í málinu liggja fyrir mótmæli mín og annara íbúa Foldarsmára 8-22 en endurupptaka málsins varðar lögvarða hagsmuni okkar. Ég vil einnig ræða hvernig Kópavogsbær ætlar að fylgja eftir þeirri ríku áherslu á að framkvæmdum á Nónhæð ljúki sem fyrst, sbr. samkomulag bæjarins við lóðarhafa frá 4. maí 2018 þar sem verklok áttu að vera við árslok 2022.

Framkvæmdatími er kominn langt út fyrir það sem fyrirséð var og veldur öllum íbúum í kring miklum ama og óþægindum. Þótt auðvitað hafi mátt búast við að svona framkvæmdir taki tíma er þetta komið út fyrir öll eðlileg mörk.

Vinsamlegast staðfestið móttöku og sýnið íbúum þá kurteisi að svara erindinu.

Með vinsemd og virðingu
Friðjón Guðjohnsen

On Wed, 2 Apr 2025 at 20:43, Friðjón Guðjohnsen <fridjong@gmail.com> wrote:
Góðan dag,

Ég vil enn á ný ítreka ósk um fund með stjórnendum bæjarins vegna málefna framkvæmda á Nónhæð, sem ég setti fyrst fram þann 4. mars sl. og ítrekaði 7. mars sl. Þrátt fyrir að bærinn hafi staðfest móttöku erindisins hefur því ekki verið svarað og málið sett á dagskrá bæjarráðs á morgun.

Sem aðili málsins vil ég ræða fyrirhugaða (og að mínu mati ólögmæta) endurupptöku málsins. Ég ítreka að í málinu liggja fyrir mótmæli mín og annara íbúa Foldarsmára 8-22 en endurupptaka málsins varðar lögvarða hagsmuni okkar. Ég vil einnig ræða hvernig Kópavogsbær ætlar að fylgja eftir þeirri ríku áherslu á að framkvæmdum á Nónhæð ljúki sem fyrst, sbr. samkomulag bæjarins við lóðarhafa frá 4. maí 2018 þar sem verklok áttu að vera við árslok 2022.

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

Framkvæmdatími er kominn langt út fyrir það sem fyrirséð var og veldur öllum íbúum í kring miklum ama og óþægindum. Þótt auðvitað hafi mátt búast við að svona framkvæmdir taki tíma er þetta komið út fyrir öll eðlileg mörk.

Vinsamlegast staðfestið móttöku og sýnið íbúum þá kurteisi að svara erindinu áður en ákvörðun er tekin.

Með vinsemd og virðingu
Friðjón Guðjohnsen

On Wed, 19 Mar 2025 at 11:57, Jóna Vigdís Kristinsdóttir - verkefnastjóri skrifst. stjórnsýslusviðs <jona.vigdis.kristinsdottir@kopavogur.is> wrote:
Sæll Friðjón.
Erindið er móttekið.

Bestu kveðjur,
**Jóna Vigdís Kristinsdóttir**
Verkefnastjóri skrifst. stjórnsýslusviðs
jona.vigdis.kristinsdottir@kopavogur.is

Kópavogsbær
kopavogur.is
Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur | Sími 4410000

**From:** Þjónustuver Kópavogsbæjar <Thjonustuver@kopavogur.is>
**Sent:** mánudagur, 10. mars 2025 15:55
**To:** Skjalavarsla skjaladeild <Skjalavarsla@kopavogur.is>
**Subject:** FW: Mótmæli við fyrirhugaðri endurupptöku á synjun breytinga á Deiliskipulagi Nónsmára 1-17

**From:** Friðjón Guðjohnsen <fridjong@gmail.com>
**Sent:** föstudagur, 7. mars 2025 08:37
**To:** Þjónustuver Kópavogsbæjar <Thjonustuver@kopavogur.is>
**Cc:** Ásdís Kristjánsdóttir - bæjarstjóri <Asdis.Kristjansdottir@kopavogur.is>; Ása Arnfríður Kristjánsdóttir - bæjarlögmaður <asa.arnfridur.kristjansdottir@kopavogur.is>; Pálmi Þór Másson - bæjarritari <palmi.thor.masson@kopavogur.is>; Orri Vignir Hlöðversson - formaður bæjarráðs <Orri.Hlodversson@kopavogur.is>; Andri Steinn Hilmarsson - bæjarfulltrúi <Andri.Steinn.Hilmarsson@kopavogur.is>; Helga Jónsdóttir - bæjarfulltrúi <Helga.Jonsdottir@kopavogur.is>; Hjördís Ýr Johnson - bæjarfulltrúi <hjordis.yr@kopavogur.is>; Theódóra Þorsteinsdóttir - bæjarfulltrúi <theodora.thorsteins@kopavogur.is>
**Subject:** Re: Mótmæli við fyrirhugaðri endurupptöku á synjun breytinga á Deiliskipulagi Nónsmára 1-17

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

Góðan dag,

Ég vil ítreka ósk um fund með stjórnendum bæjarins vegna málefna framkvæmda á Nónhæð, þar sem ég vildi ræða fyrirhugaða (og að mínu mati ólögmæta) endurupptöku málsins hins vegar hvernig Kópavogsbær ætlar að fylgja eftir þeirri ríku áherslu á að framkvæmdum á Nónhæð ljúki sem fyrst, sbr. samkomulag bæjarins við lóðarhafa frá 4. maí 2018 þar sem verklok áttu að vera við árslok 2022.

Framkvæmdatími er kominn langt út fyrir það sem fyrirséð var og veldur öllum íbúum í kring miklum ama og óþægindum. Þótt auðvitað hafi mátt búast við að svona framkvæmdir taki tíma er þetta komið út fyrir öll eðlileg mörk.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Kveðja
Friðjón Guðjohnsen

On Tue, 4 Mar 2025 at 09:17, Friðjón Guðjohnsen <fridjong@gmail.com> wrote:
Góðan dag,

Ég vísa til máls sem nú er til umfjöllunar í bæjarráði með númerið 25012787 og fjallar um beiðni um endurupptöku bæjarstjórnar á tillögu að breytingum á deiliskipulagi Nónsmára 1-17 sem bæjarstjórn hafnaði á fundi sínum þann 12. mars 2024.

Við íbúar í raðhúsalengjunni að Foldarsmára 8-22, sem liggur næst því svæði sem breytingin tekur til erum eindregið mótfallinn endurupptöku málsins og teljum því skilyrði 2. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga eigi hér við og komi veg fyrir að slík endurupptaka sé í samræmi við lög.

Meðfylgjandi eru undirrituð mótmæli íbúa og eiganda í öllum húsunum að Foldarsmára 8-22. Ég mun koma frumritunum til skila á bæjarskrifstofuna upp úr hádegi í dag.

Áður en ákvörðun verður tekin vil ég óska eftir fundi með formanni bæjarráðs eða bæjarstjóra til þess að (1) koma á framfæri frekari athugasemdum við fyrirhugaða (og að mínu mati ólögmæta) endurupptöku málsins og (2) ræða hvernig Kópavogsbær ætlar að fylgja eftir þeirri ríku áherslu á að framkvæmdum á Nónhæð ljúki sem fyrst, sbr. samkomulag bæjarins við lóðarhafa frá 4. maí 2018 þar sem verklok áttu að vera við árslok 2022.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Kveðja
Friðjón Guðjohnsen

Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026